

Trjásafnið í Meltungu í Fossvogsdal

Ekki verður annað sagt en að tilvist trjásafnsins í Meltungu, austast í Fossvogsdal, hafi farið framhjá mörgum og er tilgangur þessarar greinar að reyna að bæta úr því. Þrátt fyrir ungan aldur er trjásafnið orðið eitt hið stærsta hérlandis en þegar þetta er ritað er þar að finna alls tæplega 1.100 tegundir trjáa og runna. Aðeins Grasagarður Reykjavíkur og Lystigarðurinn á Akureyri státa af annarri eins fjölbreytni.

Trjásafnið afmarkast af Kjarrhólma, Smiðjuvegi og Fossvogsbrún að sunnan- og austanverðu og Gróðrarstöðinni Mörk og Víkingssvæðinu að norðanverðu og er stærð þess alls um átta hektarar. Bílastæði er að finna bæði við Kjarrhólma og Fossvogsbrún og þaðan eru göngustígar inn í safnið. Einnig liggja göngu- og hjóltreðastígar að trjásafninu úr Fossvogsdal að vestanverðu og Elliðaárdal að austanverðu.



Meltunga hét austasta nýbýlið í Fossvogsdal og var land þess 16,3 hektarar að stærð. Norður- og vesturhlutinn var mýri sem hafði verið framræst á árunum 1935-36 en í austur- og einkum suðurhlutanum voru grýttir melar og holt. Hjónin Gestur Gunnlaugsson og Loftveig Guðmundsdóttir leigðu landið frá árinu 1938, byggðu þar hús og ræktuðu tún. Búskapur í Meltungu var aflagður árið 1972 og húsin rifin árið 1989. Nafnið var síðan endurvakið undir lok síðustu aldar þegar trjásafn tók að rísa í landi nýbýlisins.

En hvað er trjásafn eiginlega? Almenna skilgreiningin á fyrirbærinu, sem nefnist *arboretum* á alþjóðamáli, er sú að það sé safn trjákenndra plantna, þ.e. trjáa og runna, sem ræktuðar eru í vísindalegum tilgangi til rannsókna og kennslu og oftast einnig fólki til ánægju og yndisauka.

Upphaf trjásafnsins má rekja til hugmyndar Péturs N. Ólasonar sem stofnaði og rak Gróðrarstöðina Mörk en hún er staðsett á bæjarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs í Blesugróf. Árið 1995 kom Pétur með þá tillögu að taka þátt í mótun og uppbyggingu á austasta hluta Fossvogsdals, sem Kópavogsbær hafði þá skipulagt sem

útivistarsvæði með gróðursvæðum. Hann lagði til að hann útvegaði þann gróður sem til þyrfti í samráði við Kópavogsbæ, gegn því að nýta hluta landsins tímabundið fyrir ræktun stöðvarinnar.

Bæjaryfirvöld tóku vel í þetta og gert var deiliskipulag af svæðinu, að hluta til byggt á tillögum Péturs. Markmiðið var að styrkja Fossvogsdalinn sem útivistarsvæði með aukinni trjárækt og var m.a. gert ráð fyrir trjásafni í holtinu norðan Smiðjuhverfis, með aðgengilegum stígum, þar sem almenningi gæfist kostur á að skoða einstakar tegundir trjáa og runna og þannig öðlast betri þekkingu á ræktun á Íslandi.

Gerður var leigusamningur við Gróðrarstöðina Mörk til 10 ára um afnotarétt á um þriggja hektara landsvæði til ræktunar. Auk almennrar leigu fyrir landið lagði gróðrarstöðin til allan gróður í skjólbelti og trjásafn, gróðursetningu hans og annaðist að auki umhirðu gróðursins á samningstímanum.

Árið 2000 seldi Pétur gróðrarstöðina til Guðmundar Vernharðssonar sem hélt áfram þar að uppfylla samninginn við Kópavogsbæ. Sex árum síðar þegar samningurinn rann út var gerður nýr sem náði til þess svæðis sem Mörk hafði haft á leigu fyrir 1996 en Kópavogsbær tók við ræktunarreitunum í mýrinni vestan gróðrarstöðvarinnar.

Trjásafninu í Meltungu er grófskipt í tvo hluta; holtið og mýrina.

Holtið er svæðið norður af Smiðjuveginum. Þar var víðast hvar plantað beint í þann jarðveg sem fyrir var og náttúrulegur gróður látinn halda sér sem mest. Engum tilbúnum áburði var dreift með plöntunum sem þar voru gróðursettir, til að varðveita þær villtu jurtir sem voru á staðnum og hefðu annars vikið undan miklum grasvexti sem áburðardreifing veldur.

Mýrin er í norðvesturhluta svæðisins og það svæði var framræst til túnræktar. Þarna var svæðið hannað með tilliti til fjölbreytts skjólgróðurs og stígagerðar og gróðursettir hinar ýmsu tegundir trjáa og runna í skjólbelti. Jarðvegurinn í mýrinni er gjörólíkur því sem er í holtinu. Hann er bæði næringarríkur, djúpur og rakaheldinn og gott skjól er á svæðinu af hávöxnum skjólbeltum.

Upphaflega hugmyndin var að trjásafnið yrði aðeins í holtinu en þar sem þar var komið talsvert af merkilegum gróðri var trjásafnið útvíkkað og náði til alls svæðisins.



Reynirinn 'Dodong' á ættir að rekja til Kóreu og er einn af um 90 tegundum reynis sem finna má í trjásafninu. Hér er hann í haustlitum 2018.

Pétur í Mörk gróðursetti, aðallega á árunum 1997-98, bæði fjölbreyttum og jafnvel fágætum efniviði sem hann hafði gert tilraunir með sem og algengari tegundum sem höfðu verið í sölu í gróðrarstöðinni. Árið 2006 voru tegundir trjáa og runna í safninu um 230 talsins. Frá 2008 hefur Kópavogsbær séð um að fjölga tegundum jafnt og þétt og hefur öll gróðursetning í trjásafninu verið unnin af fagmönnum. Haustið 2019 voru tegundirnar í Meltungu orðnar um 1.100 og hefur fjöldinn því nær fimmfaldast frá 2006.

Í trjásafninu hafa undanfarinn áratug verið gerðir nokkrir þemagarðar. Þeirra stærstur er **Yndisgarðurinn** sem var vígður haustið 2010. Garðurinn er runnasafn í tengslum við verkefnið Yndisgóður sem starfrækt er á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands. Tilgangur þess er að velja út heppilegustu tegundir, kvæmi og yrki garðplantna fyrir íslenskar aðstæður með sérstaka áherslu á opin svæði, útivistarsvæði og skjólbelti. Einnig er verkefninu ætlað að mynda grundvöll fyrir rannsóknir og upplýsingamiðlun um garðplöntur. Einn mikilvægasti þátturinn í verkefninu er að bera saman mismunandi plöntur við breytilegar veðurfarsaðstæður og hefur því verið komið upp tilraunareitum, sk. Yndisgörðum, á nokkrum völdum stöðum á landinu. Yndisgarðurinn í trjásafninu er sá næst stærsti á eftir aðalsafninu við Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi, og inniheldur um 200 tegundir garðrunna. Í Yndisgarðinum eru einnig í gangi rannsóknarverkefni með fjölæraringa og skrautgrös. Þar eru annars vegar í ræktun fjölærra blómplantna þar sem kannaðir eru þekjandi eiginleika þeirra, t.d. til að loka gróðurbeðum og minnka þar með vinnu við umhirðu. Í skrautgrasabeðinu er kannað harðgerði ýmissa nýrra tegunda skrautgrasa til notkunar í garðrækt.



Séð yfir hluta Yndisgarðsins í trjásafninu í Meltungu í júní 2019.

Aldingarðurinn var gerður sumarið 2011 en þar er áherslan á ræktun ávaxtatrjáa og berjarunna. Nú eru þar um 55 tegundir og yrki ávaxtatrjáa og um 35 tegundir og yrki berjarunna. Garðurinn er hluti af ávaxtatrjáaverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands og Garðyrkjufélags Íslands sem er á landsvísu og miðar að því að safna reynslu á þessu sviði. Ekki hafa komið mörg góð sumur í Aldingarðinum en staðfest er að sumarið 2017 komu a.m.k. 20 epli á eitt tré og nokkru minna á 5 önnur.



Nokkur eplatrjána hafa þegar náð að þroska epli í Aldingarðinum í trjásafninu. Hér er finnska eplayrkið 'Salla' og ef vel er að gáð má sjá 7 epli á myndinni, lítið stærri en golfkúlu. Myndin er tekin haustið 2017



Skógarlyngrós (*Rhododendron oreodoxa*) er sígræn og blómstrar mikið og snemma vors. Myndin er tekin í Sígræna garði trjásafnsins í byrjun maí 2019.

Þriðji þemagarðurinn, og þeirra langminnstur, er **Sígræni garðurinn** sem helgaður er sígrænum plöntum. Hann var gerður haustið 2012 og þar eru nú um 70 tegundir.

Í samstarfi við Rósaklúbb Garðyrkjufélags Íslands var árið 2006 hafist handa við gerð **Rósagarðsins**. Fyrsti hluti hans var Norrænn rósagarður sem er hluti af samnorrænu verkefni. Gerð rósagarðsins lýkur 2019 og verður þar þá að finna um 190 tegundir og yrki rósa, þar á meðal fágætar norrænar og kanadískar rósir.



Gestir í rósagöngu 2018 hlýða á Vilhjálm Lúðvíksson, formann rósaklúbbs Garðyrkjufélags Íslands í Rósagarðinum í Meltungu.

Í Kópavogi er áratuga löng hefð fyrir því að bærinn sjái um útleigu matjurtagarða, sk. garðlanda, til íbúa. Stærstu garðlöndin sem nú eru leigð út eru í trjásafninu, nærri Aldingarðinum.

Um 700 metra langur upplýstur göngu- og hjólréiðastígur liggur í gegnum trjásafnið endilangt og meðfram því. Hann tengir vel saman Fossvogsdal og Elliðaárdal en skammt austan Meltungu er á stígnum göngubrú yfir Reykjanesbrautina. Að auki liggja hátt í 3 kílómetrar af malar- og kurlstígum víðsvegar um trjásafnið, til að bæta aðgengi. Bekki er einnig að finna víðsvegar í safninu öllu.

Til að trjásofn þjóni tilgangi sínum verða merkingar að vera til staðar. Árið 2009 var byrjað að koma fyrir merkingum við plöntur í trjásafninu. Skiltin sýna íslenskt og latneskt heiti trjá- og runnategunda, ásamt því hvaða ætt þær tilheyra. Í árslok 2018 var búið að merkja yfir 500 tegundir, stundum nokkur eintök af sömu tegund. Pétur í Mörk hélt greinargóðar skráningar um þær ræktunartilraunir sem hann vann að og því eru til upplýsingar um uppruna flestra þeirra plantna sem gróðursettar voru á upphafsárum trjásafnsins í Meltungu. Greinarhöfundur hefur reynt að fylgja góðu fordæmi Péturs og haldið utan um upplýsingar um þær plöntur sem gróðursettar hafa verið á vegum Kópavogsbæjar, ásamt staðsetningu þeirra og hvernig þeim reiðir af, enda er það forsenda fyrir fræðilegu hlutverki trjásafnsins.

Trjásafnið í Meltungu er merkilegur staður og fjarri því að vera aðeins samansafn trjáa og runna. Safnið er ákaflega fjölbreytt útivistarsvæði og nýttist hvort heldur sem er til fróðleiks, slökunar, uppörvunar, fuglaskoðunar, kennslu eða náttúruupplifunar svo fátt eitt sé nefnt. Það er lifandi safn og því síbreytilegt. Þangað er tilvalið að koma og fá hugmyndir um val á trjám og runnum í garða og sumarhúsalóðir, fylgjast með breytileika árstíðanna eða bara hverfa aðeins frá erli hversdagsins. Það er löngu sannað að okkur mannfólkinu er ákaflega hollt að dvelja í grónu umhverfi, og gæðin aukast ef það er á einhvern hátt „náttúrulegt“. Staður eins og Meltunga er því á vissan hátt lýðheilsuþáttur, vegna þess að grænt er gott fyrir sálina.

Þýðingarmikil viðurkenning á sérstöðu trjásafnsins í Meltungu náðist árið 2014 þegar það var sett undir hverfisvernd í aðalskipulagi Kópavogs. Árið 2018 fékk trjásafnið einnig viðurkenningu Umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogsbæjar fyrir framlag til ræktunarmála.

Kynning á trjásafninu hófst fyrst fyrir alvöru sumarið 2007 með garðagöngum og síðan hafa skoðunarferðir oftast verið nokkrar á hverju ári. Árið 2018 voru sex skipulagðar skoðunarferðir um safnið, auglýstar fyrir almenning, auk fjölda annarra skipulagðra heimsóknna innlendra og erlendra hópa. Skipulagðar skoðunarferðir um Meltungu munu árið 2019 verða í samstarfi við Garðyrkjufélags Íslands og Yndisgróðursverkefnið eins og undanfarin ár og munu þær verða kynntar á heimasíðum þeirra og Kópavogsbæjar en einnig auglýstar í bæjarblöðunum. Að sjálfsgöðu er allir hvattir til að koma í trjásafnið, hvort heldur sem er í skipulagða skoðunarferð eða á eigin vegum, því sjón er sögu ríkari.